


Guðni Hermansen listmálari með eina af myndum sínum, sem hann málaði eftir gos og kallar SIGUR. Það er Helgarfell í Eyjum sem trónar hæst á líkamanum sem stendur á nýrri jörð. Vinstra megin er mynd frá Búrfelli og hægra megin er mynd af bænum og Helgafelli.

Guðni sýnir á Kjarvalsstöðum

GUÐNI Hermansen listmálari frá Vestmannaeyjum opnar í dag kl. 3 málverkasýningu í Kjarvalsstöðum. Guðni sýnir þar 75 myndir sem hann hefur málað á síðustu þremur árum. Myndefni Guðna er sótt til Vestmannaeyja, en Guðni teflir gjarnan saman fantasíu og raunveruleika í myndum sínum. Þekktar eru myndir Guðna sem hann málaði fyrir eldgosið í Eyjum af eldfjalli á þeim stað sem Eldfellið kom síðan upp. Guðni hefur haldið margar sýningar á síðustu 12 árum, í gamla Listamannaskálanum, Vestmannaeyjum, Norræna húsinu, á Suðurlandi og Vesturlandi, samsýningum og í Listaskálanum í Færeyjum.

Sýning Guðna er opin til sunnudagskvöldsins 7. nóv. á venjulegum sýningartíma Kjarvalsstaða. Á blaðamannafundi með Guðna kom það fram í spjalli að myndir eftir hann hafa verið keyptar af einstaklingum og söfnum bæði vestan hafs og austan.

— 6 í varðhald

Framhald af bls. 32

fékk Þórir eftir nokkurra daga málastapp í Hamborg, og varð að kveða upp dómsúrskurð til að fá aðila ytra til að afhenda þau.

Í lögum um meðferð opinberra mála er ákvæði um bætur til þeirra, sem saklausir eru settir í fangelsi. Sagði Þórir að það væri ákvörðunaratriði viðkomandi manna, hvort þeir notfærðu sér þetta ákvæði eða ekki.

— Álafoss

Framhald af bls. 2

eingöngu, röndótta eða einlita. Ekki er Morgunblaðinu kunnugt um það, hvort einhver gæðamunur er á þessum treflum og þeim, sem Álafoss selur til Sovétríkjanna fyrir 443 krónur trefilinn. Þá hefur Hilda h.f. átt í erfiðleikum með að anna eftirspurn á markaði í Bandaríkjunum eða Kanada, en samt mun hafa tekizt að afgreiða þær pantanir, sem borizt hafa. Þá hefur Hilda einnig selt til Þýzkalands og Danmerkur nokkuð af treflum.

Jóhann Bjarmi Simonarson, skrifstofustjóri Gefjunar á Akureyri, kvað þetta sovézka fyrirtæki vera hið sama og Samband íslenzkra samvinnufélaga hefði gert samning við og selt peysur og ullarteppi. Hann kvaðst ekki geta dæmt um þennan samning í ljósi þeirra samninga, sem Sambandið hefði gert, þar sem það hefði ekki selt trefla til Sovétríkjanna. Þetta fyrirtæki, V/O Raznoexport, er annað af tveimur fyrirtækjum, sem keypt hafa peysur og teppi af Sambandinu, en hitt er sovézka samvinnusambandið, Sojustorg. Hjörtur Eiríksson, framkvæmdastjóri Gefjunar, er nú erlendis og um helgina heldur hann til Moskvu, þar sem hann mun ræða um frekari viðskipti við viðskiptaaðila Sambandsins í Sovétríkjunum.

Þess má að lokum geta að það verð, sem Álafoss virðist fá fyrir hvern trefil í Sovétríkjunum er aðeins um 4 til 5% af því verði, sem Hilda h.f. fær fyrir trefla sína í Bandaríkjunum og Kanada.

Nefndaskipanin vantraust á Kjaradóm

— segir formaður launamálaráðs BHM

BANDALAG háskolamanna lítur á þá yfirlýsingu fjármálaráðherra um að hann ætli að skipa nefnd til þess að kanna kjör opinberra starfsmanna sem staðfestingu þess, sem BHM hefur haldið fram, að Kjaradómur hafi ekki farið að lögum við ákvörðun launa opinberra starfsmanna. Jón Hannesson, formaður launamálaráðs BHM, sagði í viðtali við Mbl. í gær að í raun væri hér um vantraust á Kjaradóm að ræða. Ef Kjaradómur hefði farið að lögum, hefði nefndarskipun þessi verið óþörf.

Jón Hannesson sagði að það hefði ávallt verið von bandalagsins að Kjaradómur hlustaði á rök og færi að samningsréttarlögum. En reynslan hefði fært opinberum starfsmönnum aðra mynd og gert þeim ljóst að í raun væri það pólitísk ákvörðun, hverjar hækkanir þeir hlytu. Vissulega væri ljóst að staða ríkisvaldsins væri erfið, þar sem því væri mikið í mun að veita ekki slæmt fordæmi. Í sjálfu sér sagði Jón að BHM fagnaði því ef nefnd, sem sú, er fjármálaráðherra boðar, yrði til þess að rétta hlut opinberra starfsmanna. En hann benti á að ráðherra hefði látið það fylgja að tekið yrði tillit til niðurstaðna nefndarinnar við gerð næsta kjarasamnings. Nú væri nýlega búið að gera nýjan kjarasamning til 2ja ára og ljóst væri að opinberir starfsmenn væru ekki reiðubúnir að bíða þann tíma. Þeir gætu það ekki.

— Fara til Hollands

Framhald af bls. 2

með tímanum fáum við aðstöðu til að hýsa slík dýr hjá okkur.

Það er búinn að vera langur aðdragandi að þessum veiðum og við höfum undirbúið þetta vel í samvinnu við hollenzka aðila, sem fjármagna leiðangurinn. Hollenzkur líffræðingur, dr. Dudok Van Hell, hefur stjórnað leiðangrinum, en hann er sérfræðingur í hvölum og hefur hann um árabil unnið eingöngu við rannsóknir á þeim. Við fengum leyfi til þess að veiða 4 dýr og höfðum verið á miðunum í hálfan mánuðþegar við fengum þessi tvö dýr.

Guðrún GK var leigð til veiðanna og við komumst loks í gott færi þegar síldveiðibátur missti niður síld úr nótinni hjá sér. Háhyrningavaða fór í síldina og við gátum kastað þorsknótinni á vöðuna. Í nótinni hjá okkur lentu 20—30 háhyrningar, sumir sluppu út, en að síðustu völdum við dýrin tvö úr og miðuðum þar við dýr ekki minni en 3½ metri og ekki stærri en 5m. Þetta gekk allt vel og það liðu ekki nema 5 stundir frá því að við köstuðum og þar til dýrin voru komin inn á þilfar. Til Grindavíkur tók siglingin síðan 24 tíma. Þegar dýrin komu í Sædýrasafnið í fyrrinótt voru þau nokkuð dösuð, en þau jöfnuðu sig fljótt og komust í eðlilegan ham, önduðu reglulega og syntu í lauginni. Allt útlit er fyrir að annað dýrið fari til Hollands en hitt til San Diego í Bandaríkjunum. Á laugardagskvöld eða á sunnudag verður byrjað að bjóða dýrunum mat, en við ætlum hins vegar aftur á miðin í kvöld til þess að reyna að veiða önnur tvö dýr og fylla kvótann eins og þeir segja."

— Bretar

Framhald af bls. 1.

álitið að Healey muni auka óbeina skatta.

Þegar fréttist um hugsanlega lántöku brezku stjórnarinnar í morgun hækkaði pundið á gjaldeyrismörkuðum um 3.5 sent. Var það skráð á 1.6070 dollar í morgun en á fimmtudagskvöld var gengi þess 1.5690, sem er það lægsta frá upphafi. Hækkun pundsns olli einnig verðhækkun á verðbréfamarkaðnum í London.

— Fundur EBE

Framhald af bls. 1.

skoðunar og leggja mest kapp á að tryggja sjómönnum sínum veiðiréttindi innan 200 mílna fiskveiðilögsögu landa eins og Íslands og Noregs og enn fremur Kanada og Sovétríkjanna.

Á fundinum á morgun verður reynt að sætta þetta sjónarmið og sjónarmið Íra. Hefur Gundelach undirbúið drög að málamiðlunarsamkomulagi.

— Njósnir

Framhald af bls. 1.

hafði það í för með sér, að Rússum var unnt að undirbjóða Finnana og þannig gert millirríkjaviðskipti illmöguleg. Þó er þó jafnvel enn þá alvarlegra, að Rússum var með þessari njósnastarfsemi gert kleift að fylgjast með verðlagsbreytingum í viðskiptum Finna við Bandaríkin, Frakkland og Holland.

Yfirmaður finnsku tollgæzlunnar hefur ekki viljað tjá sig um málið við dagblöðin, enda hafa engar fréttir birzt um það fyrr en nú, en blöðin hafa fréttina frá sænska vikublaðinu Vi, sem hafði í undirbúningi grein um njósnirnar til birtingar í næstu viku.

— Bólusetning

Framhald af bls. 14

þeim hætti, að þessar hópar fái notið forgangs, var haldinn fundur með heimilislæknum 25. október s.l.

Á fundinum var ákveðið, að fólk, er tilheyrði hópunum hér að ofan, ætti að hafa samband við heimilislækna sína og panta bólusetningu. Nauðsynlegt er að pöntun eigi sér stað fyrir föstudaginn 5. nóvember n.k. Munu þá heimilislæknar geta gert sér grein fyrir þörfum þessara hópa og tryggt þeim bólusetningu. Þeir sem ekki eiga kost bólusetningar hjá heimilislæknum sínum verður gefinn kostur á henni í Heilsuverndarstöðinni á tímabilinu frá 8.—19. nóvember, virka daga, kl. 4.30—6

Sjúkrasamlag tekur ekki þátt í greiðlsu kostnaðar og er verð bólusetningarinnar kr. 1.200.00.

Það skal tekið fram, að ráðstafanir þessar eru gerðar til að tryggja þeim forgangshópum bólusetningu, er heilbrigðisyfirvöld mæla með. Það skal tekið skýrt fram, að heilbrigðisyfirvöldum á Norðurlöndum hefur ekki þótt nein ástæða til að mæla með allsherjarbólusetningu gegn svínainflúensu.

Verði birgðir bóluefnis umfram það, sem þörf áðurnefndra hópa segir til um, ætti að hafa í huga, að verkamönnum, sjómönnum og öðrum þeim, er í starfi sínu geta mætt vosbúð og kulda, er hættara við fylgikvillum inflúensu en öðrum.

Svo sem fram kom í tilkynningu landlæknis er yfirleitt ráðið frá því að bólusetja 18 ára og yngri.

Bólusetningin getur verið hættuleg fólki, sem hefur ofnæmi fyrir eggjum.

— Engar viðræður

Framhald af bls. 3

vegna 1. desember, en þá rennur út fiskveiðisamningur Íslendinga og Breta, yrði að flýta samningaumleitunum við Íslendinga. Samkvæmt tímaáætlun embættismanna EBE verður fyrst rætt við Bandaríkin, en síðan er Ísland númer tvö á lista.

Þá ber að geta þess að þetta mál kom til umræðu á Alþingi í gær. Einar Ágústsson utanríkisráðherra sagði þar að hvorki væri ákveðið að ræða við Efnahagsbandalagið né Breta, enda hefði engin ósk frá þessum aðilum um viðræður borizt íslenzkum stjórnvöldum.

— Ford

Framhald af bls. 1.

þessari könnun virtist Carter hafa tryggt sér sigurinn með 273 kjörmönnum. Þetta hefur nú hins vegar breytzt mjög snöggt eins og fyrr segir og vindurinn blæs nú í segl forsetans.

Carter kom í skyndiferð til New York

Fréttamenn sem hafa ferðast með Jimmy Carter segja að spennan í þeim herbúðum hafi aukist næstum áþreifanlega síðustu daga. Carter var í New York í fyrradag í síðasta skipti að því er sagt hafði verið, en síðdegis í gær kom hann skyndilega hingað aftur og fór í tveggja tíma ferð um Brooklyn. Fréttamenn spurðu Carter hvort hann teldi að hann myndi tapa kosningunum, ef hann tapaði New York, en hann svaraði því stuttaralega: „Nei." Enginn vafi er þó talinn að ákvörðunin um aukaferð til New York er til komin vegna þess að skoðanakannanir hafa sýnt að fylgi hans hefur minnkað með degi hverjum.

Fréttamenn segja einnig að ljóminn sé að hverfa af sókn Carters. Hugsanlegt sé að um langvinna þreytu sé að ræða, enda hefur álagið verið gífurlegt, en það fari ekki á milli mála að framkvæmdastjórar Carters séu áhyggjufullir. Carter var spurður að því á Kennedyflugvelli í morgun, er hann fór frá New York og ætlaði í síðustu yfirreið í Ohio, Texas og Pennsylvaníu, hvort hann teldi sig vera kominn í sömu spor og Thomas Dewey var á móti Harry Truman árið 1948. Carter svaraði þessu neitandi og sagði að hann hefði aldrei gengið út frá því sem vísu að hann myndi sigra. Hann benti á að í kosningunum 1960 hefðu aðeins nokkur þúsund atkvæði ráðið því að Kennedy sigraði Nixon og sömuleiðis hefði Nixon sigrað Humprhey með naumindum árið 1968. Hann sagðist vera áhyggjufullur yfir því hve útlitið væri slæmt með þátttöku í kosningunum. Aðspurður um hvað honum fyndist um fréttir um minnkandi fylgi hans, sagði Carter að hann væri ekki sammála þeim. Þær fregnir sem hann fengi frá sínum mönnum væru á þá leið að fylgi hans færi vaxandi í ýmsum fylkjum sem hann hefði ekki gert sér miklar vonir um að sigra í. Hins vegar sagði hann að demókratar yrðu að fjölmenna á kjörstaði til að tryggja sigur sinn.

Ford gunnreifur í ræðum

Ford forseti sagði í ræðu í Ohio í gær að ástæðan fyrir þverrandi fylgi Carters væri sú staðreynd að hann hefði allt frá því hann var kjörinn forsetaefni demókrata stöðugt verið að gefa út loforð um nýjar kostnaðarsamar áætlanir, jafnvægi í ríkisbúskap, endurskipulagningu alríkisbáknsins og fleira sem kjósendur gerðu sér grein fyrir að hann gæti ekki staðið við. Í sömu ræðu sagði forsetinn að hann myndi á næstu fjórum árum beita sér fyrir enn frekari skattalækkunum og minnka útgjöld ríkisins. Hann sagði að menn yrðu að minnast þess að hann hefði beitt sér fyrir og komið í gegn mestu skattalækkun í sögu Bandaríkjanna. Hann sagði að það væri rétt að atvinnuleysi væri alltof mikið, en fleiri Bandaríkjamenn hefðu fengið vinnu sl. 18 mánuði en nokkru sinni áður og fyrir lægi, að umtalsverður árangur hefði náðst í baráttunni við verðbólguna. Hún væri nú helmingi minni en fyrir-tveimur árum. Ýmsir kynnu að vera óþolinmóðir yfir því hve hægt efnahagslíf landsins tæki við sér eftir kreppuna, en hagvöxturinn og batinn væri jafn. Þegar á þessar staðreyndir væri litið kæmi í ljós að það væri ekki mikið sem Carter hefði upp á að bjóða, nema ef menn hefðu áhuga á nýrri verðbólguöldu sem skapast myndi þó svo Carter efndi ekki nema 10% af loforðum sínum, ef hann hlyti kosningu.

Önnur breyting virðist hafa orðið á afstöðu stjórnmálafréttaritara til kosninganna síðustu tvo daga, því að nú eru menn farnir að velta því fyrir sér, hvort hin mikla tvísýna um úrslitin kunni ekki að verða til þess að þátttakan í kosningunum verði meiri en talið hefur verið fram til þessa. Repúblikanar og demókratar muni fjölmenna til að styðja sína menn en ekki láta helming eða jafnvel minnihluta bandarísku þjóðarinnar velja næsta forseta. Gífurleg auglýsingaherferð í sjónvarpi sem nú dynur yfir landsmenn beinist að verulegu leyti að því að fá kjósendur á kjörstað og hafa báðir frambjóðendur fengið hæfustu menn auglýsingaiðnaðarins til liðs við sig. Verður óneitanlega athyglisvert að fylgjast með árangrinum.